

Alþingi
Erindi nr. P 121/1901
komudagur 2.5.197

SAMTÖK DRAGNÓTAMANNA

Fiskislóð 139B • Pósthólf 7173 • 127 Reykjavík
Sími 552 5495 • Fax 551 5168

Sjávarútvegsnefnd Alþingis
Hr. form. Steingrímur J. Sigfússon.

28. apríl 1997.

Varðandi umsögn um: Frumvarp til laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Stjórn Samtaka dragnótamanna hefur fjallað um lögina með tilliti til síns málaflokks þ.e. dragnótarinnar.

Vert er að benda á að samtökin voru stofnuð í þeim tilgangi að útskýra veiðarnar og verjast atgangi annarra sem með rangtúlkunum og útúrsnúningi réðust á dragnóta-veiðar. Í frumvarpinu eimir ennþá nokkuð að þessu. (sbr. umfjöllun um 6.gr.) Viljum við benda á að í frumvarpinu er verið að leggja að jöfnu dragnót og botnvörpu. Ekki er það allskostar rétt þar sem nótin líkist frekar kastnót og er nánast kyrrstætt veiðarfæri en troll er botndrægt veiðarfæri. Dragnótin er sérstaklega hönnuð til veiða á grunnum og mjúkum sandbotni og illa til þess fallin að veiða á djúpu vatni, aftur á móti er botnvarpa betur hönnuð til veiða á dýpi. Að þessu nefndu teljum við óeðlilegt að spyrða þessi veiðarfæri saman. Allar tilraunir til að koma veiðunum út af grunninu jafngildir lokun á þennan veiðiskap. Um skaðsemi veiðanna vísum við á margar rannsóknir og skýrslur fiskifræðinga og sérfræðinga Hafrannsóknastofnunar. Þar er slíkt borið til baka og með rökum.

Í 6.gr. frumvarpsins hefur verið komið til móts við kröfur um veiðar með dragnót nær landi en leyfilegt er í 5. gr. samkvæmt sérstökum leyfum Fiskistofu. Þar getur ráðherra með reglugerð, ákveðið skilyrði fyrir veitingu leyfa. Með þessari grein gætu veiðarnar lifað með velvild ráðherra.

Dragnótin verður alltaf strandveiðarfæri og reynsla undanfarinna ára hefur sýnt að veiðarnar hafa verið mjög hagkvæmar og skilað góðu hráefni. Mikil uppbygging og fjárfesting hefur átt sér stað bæði hjá útgerðum og landvinnslu. Langstærsti hluti aflans fer til vinnslu innanlands.

Samtökin eru hlynnt því að stýring sé á nýtingu ákveðinna fiskimiða eftir svæðaskiptingu. Sjávarútvegsráðuneytið hefur tekið tillit til óska heimamanna í þeim efnum. Viljum við benda á að ef veiðar eru takmarkaðar við ákveðnar kolategundir þá er möguleiki bátana við að ná kvóta í öðrum tegundum skertur og hætta á að viðkomandi regla stangist á við 50% veiðiregluna. Sérstaklega eftir að þorskkvóti hefur verið aukinn. Stjórnin skorar á Sjávarútvegsnefnd að hlíta fiskifræðilegum rökum, leyfa nýtingu kolamiða allt í kringum landið. Það er hagur okkar allra. Samtök dragnótamanna eiga gott samstarf við Hafrannsóknastofnun, er það ósk okkar að sama gildi fyrir Sjávarútvegsnefnd Alþingis.

Virðingarfyllst fyrir hönd félagsins,

